

97. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 14. ágúst kl.17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Emil Þór Guðbjörnsson, Þorbergur Bæringsson, Björgvin Ólafsson, Hermundur Pálsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá

1. Trausti Tryggvason Silfurgötu 41 sækir um að staðsetja gróðurskýli á lóðinni sbr. bréf dags. 13.08.'07.
Samþykkt að grenndarkynna erindi fyrir eigendum húsa við Silfurgötu 39, 43, 45 og 47 Skólastíg 26, 28 og 30.
2. Sæþór H. Þorbergsson Vallarflöt 1, sækir um að klæða málaðan krossvið með ljósum flísum við glugga hússins, sbr. bréf dags. 26.07.07.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
3. Alexander Helgason Laufásvegi 5 sækir um að fjarlægja skorstein á húsi og breyta jarðhæð í íbúð.
Nefndin samþykkir að fjarlægja skorstein og samþykkir að breyta jarðhæð í íbúð að uppfylltum skilyrðum. Gjöld samtals kr. 3000.-
4. Sigurður Amlín Kristjánsson og Hanna D. Jónsdóttir Silfurgötu 23 sækja um að byggja glerhýsi yfir svalapall sbr. teikningu dags. 26.06.'07.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
5. Fyrirspurn frá Sæþóri Þorbergssyni Narfeyrarstofu og Pétri Ágústssyni Sæferðum um að byggja ferðaþjónustumiðstöð á svokölluðum “garði” við Árnasteina sbr. bréf og kynningarhefti dags. 20.07.'07.
Erindi vísað til umsagnar hafnarnefndar.
6. Rakel Olsen óskar eftir að setja upp leiðbeiningarskilti við Ægisgötu nr. 3.
Nefndin samþykkir að setja upp botnlangaskilti við Austurgötu.
7. Bílastæði við Silfurgötu 3.
Nefndin tekur jákvætt í að bílastæði verði á neðanverðri lóð með aðkomu frá Silfurgötu.

8. Önnur mál

8.a Björgvin Ólafsson spyr um áframhald á endurskoðun á Aðalskipulaginu m.a. með tilliti til sumarhúsalóða.

8.b. Björgvin leggur til að lóð fyrir stóra bíla verði ekki á Hamraendum heldur lóð fyrir atvinnuhúsnæði. Björgvin bendir á að stæði fyrir stóra bíla geti verið við Ögursafleggjarann.

8.c. Nefndin óskar eftir teikningum vegna óleyfisbyggingar við Sundabakka nr. 9.

B.V.

